



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Jón Steinar Guðmundsson

**NIÐURDÆLINGARTILRAUN
VIÐ SVARTSENGI 1982**

OS-83047/JHD-07
Reykjavík, júní 1983

**Unnið fyrir
Hitaveitu Suðurnesja**



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Jón Steinar Guðmundsson

NIÐURDÆLINGARTILRAUN VIÐ SVARTSENGI 1982

OS-83047/JHD-07
Reykjavík, júní 1983

**Unnið fyrir
Hitaveitu Suðurnesja**

ÁGRIP

Birtar eru helstu mæliniðurstöður niðurdælingartilraunar við Svartsengi sumarið 1982. Um er að ræða rennslis-, vatnsborðs- og borholumælingar ástamt efnagreiningum. Fersku vatni var dælt niður holu 12 í 24 daga og fylgst með efnabreytingum í vinnsluholum svæðisins. Breytinga varð vart (ferlunarsvörun) í holu 10 eftir 55 mín., í holu 4 eftir 7 daga og holu 9 eftir 34 daga. Að auki virtust koma fram breytingar í öðrum holum. Helsta niðurstaða tilraunarinnar er sú að hola 12 geti verið of nærri vinnsluholunum til að nýtast sem niðurdælingarhola til frambúðar. Gerðar eru tillögur um frekari prófanir á svæðinu til þess að fá úr því skorið.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
TÖFLUSKRÁ	4
MYNDAKRÁ	5
1 INNGANGUR	7
2 NIÐURDÆLINGARHOLAN	8
3 FRAMKVÆMD TILRAUNAR	8
4 RENNSLIS- OG VATNSBORÐSMÆLINGAR	9
5 EFNAMÆLINGAR	16
6 BORHOLUMÆLINGAR	21
7 NIÐURSTÖÐUR	21
ÞAKKIR	23
TÖFLUR (sjá töfluskrá)	4
VIÐAUKI A: Borholumælingar	35
VIÐAUKI B: Þrepamælingar	39
VIÐAUKI C: Tillögur frá 1982	43
VIÐAUKI D: Tillögur fyrir 1983	47

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1. tafla	Vatnsrennsli holu 12 24
2. tafla	Vatnsrennsli holu 12, dagsmeðaltöl 24
3. tafla	Vatnsborð holu 12 25
4. tafla	Vatnsborðsbreytingar holu 12; syrpa A 28
5. tafla	Vatnsborðsbreytingar holu 12; syrpa B 28
6. tafla	Vatnsborðsbreytingar holu 12; syrpa C 28
7. tafla	Vatnsborðsbreytingar holu 12; syrpa D 28
8. tafla	Vatnsborð holu 4 frá 1/9 til 22/9 skv. sírita..... 29
9. tafla	Vatnsborð holu 4 frá 7/10 til 9/12 skv. mælingum með floti og snúrum 29
10. tafla	Skiljur og holur 29
11. tafla	Gufuþrýstingur við túrbínur 29
12. tafla	Natríumstyrkur holu 10; merkt E 29
13. tafla	Allar natríumgreiningar á jarðsjó holu 10 frá 10/9 til 26/9.30
14. tafla	Natríumstyrkur holu 9; merkt D 32
15. tafla	Natríumstyrkur holu 6; merkt F 32
16. tafla	Natríumstyrkur holu 7; merkt A 32
17. tafla	Natríumstyrkur holu 8; merkt B 32
18. tafla	Natríumstyrkur holu 11; merkt C 33
19. tafla	Gasstyrkur (r %) holu 10 33
20. tafla	Gasstyrkur (r %) holu 9 33
21. tafla	Gasstyrkur (r %) holu 6 33
22. tafla	Gasstyrkur (r %) holu 8 33
23. tafla	Gasstyrkur (r %) holu 11 33

MYNDASKRÁ


Bls.

0. mynd	Staðsetning borhola við Svartsengi	7
1. mynd	Vatnsrennsli holu 12; dagsmeðaltöl	10
2. mynd	Vatnsborð holu 12	11
3. mynd	Vatnsborðsbreytingar holu 12; syrpur A, C og D	13
4. mynd	Vatnsborðsbreytingar og mismunatími holu 12; syrpur A og C ..	14
5. mynd	Vatnsborð holu 4	15
6. mynd	Natríumstyrkur hola 6, 9 og 10	18
7. mynd	Natríumstyrkur holu 10	18
8. mynd	Natríumstyrkur hola 7, 8 og 11	20
9. mynd	Styrkur (r %) kolsýru og köfnunarefnis í vinnsluholum	20
Mynd A.1	Hitamælingar holu 12, 10.04.82 og 27.04.82	36
Mynd A.2	Hitamæling holu 12, 02.07.82	36
Mynd A.3	Þrýstimælingar holu 12, 10.04.82 og 02.07.82	37
Mynd A.4	Hitamæling holu 12 við borlok 30.03.82	37
Mynd A.5	Hitamæling holu 12 við niðurdælingu 22.09.82	38
Mynd B.1	Vatnsborðslökkun holu 12 að lokinni ádælingu við borlok 30.03.82 (semi-log)	41
Mynd B.2	Vatnsborðslökkun holu 12 að lokinni ádælingu við borlok 30.03.82 (log-log)	41

1 INNGANGUR

Niðurdælingartilraun var gerð á jarðhitasvæðinu við Svartsengi frá september til nóvember 1982. Köldu fersku vatni var dælt niður í holu 12 í nokkrar vikur og vatnssýni tekin úr sex vinnsluholum. Tilgangur tilraunarinnar var að athuga hvort ferska vatnið kæmi fram í einhverri vinnsluholanna. Staðsetning borhola er sýnd á myndinni hér að neðan. Auk efnasýnatöku voru gerðar vatnsborðsmælingar.

Niðurdælingartilraunin var skipulögð og framkvæmd af Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnun. Í þessari skýrslu eru teknar saman þær mælingar sem gerðar voru og niðurdælingartilrauninni lýst. Þá koma fram helstu niðurstöður og tillögur um næstu aðgerðir.



2 NIÐURDÆLINGARHOLAN

Hola 12 var boruð sem niðurdælingarhola í mars 1982 og er hún 1488 m djúp með 13 3/8" vinnslufóðringu í 607 m en 12 1/4" án leiðara í botn. Hitamælingar í holunni eru sýndar í viðauka A. Fyrir neðan 600 m dýpi er holan 220-235 °C sem er svipað og í öðrum djúpum holum við Svartsengi.

Skömmu fyrir borlok var holan tvívegis prófuð með ádælingu í þrepum. Niðurstöður þeirra mælinga eru sýndar í viðauka B. Fram kemur að lekt holunnar er á bilinu 0,00064-0,00070 m /s sem er öllu lægra en áætlað hefur verið fyrir jarðhitasvæðið í heild.

Hola 12 var látin blása frá 17. ágúst til 7. september 1982. Á seinni hluta þessa tímabils mældist rennslið 42,1 kg/s við 14,2 bar-g mótþrýsting og með 997 kJ/kg varma, sem jafngildir vatni við 232°C. Afköst holunnar voru ekki mæld að öðru leyti. Holan hafði náð jafnvægi í afköstum skömmu eftir upphleypingu.

Heildarefnasýni var tekið af holu 12 fyrir lokun. Efnagreining liggur ekki fyrir hér.

Við lokun holu 12 var þrýstingur undir aðalloka mældur á 1-5 mín. fresti. Þrýstingurinn hækkaði úr 15,0 bar-g í 15,8 bar-g á 26 mín., en lækkaði síðan og var orðinn 15,0 bar-g aftur eftir 44 mín frá lokun.

3 FRAMKVÆMD TILRAUNAR

Þær tillögur sem gerðar voru um framkvæmd niðurdælingartilraunarinnar eru sýndar í viðauka C. Tillögurnar voru samdar með það í huga að lítið er vitað um hvað gerist þegar frárennslisvatni er dælt niður í jarðhitakerfi. Þess vegna þótti skynsamlegt að fara hægt í sakirnar í fyrstu tilraun. Að auki var nauðsynlegt að taka tillit til reksturs orkuversins. Þegar til kom var tilraunin hinsvegar gerð öðruvísi en tillögurnar gerðu ráð fyrir. Í stórum dráttum þá var hún framkvæmd á eftirfarandi hátt:

1. Köldu vatni (63-65 l/s) var dælt niður holu 12 í 24 daga og fylgst með vatnsborði holunnar. Ein hitamæling var gerð á tímabilinu.
2. Tekin voru vatnssýni (jarðsjór) úr gufuskiljum hola 6-11 á um 2

klst. fresti fyrstu vikunnar en síðan sjaldnar. Sýnatöku var hætt eftir 70 daga.

3. Mælt var natríum í jarðsjónum til að fylgjast með seltumagninu, sem að minnkar ef mikið skammhlaup er á milli hola.
4. Gufusýni voru tekin vikulega eftir fyrstu 20 dagana. Heildarsýni (vatn, gufa, gas) og ísótópasýni voru líka tekin en ekki er fjallað um þau hér.
5. Fylgst var með vatnsborði holu 4 að vanda og eru þær mælingar birtar hér. Einnig koma fram mælingar með floti og snúrum sem gerðar voru þegar taka þurfti siritann af holunni.

4 RENNSLIS- OG VATNSBORÐSMÆLINGAR


Ákveðið var að nota kalt vatn í stað hitaveituvatns til niðurdælingar af nokkrum ástæðum. Verið var að breyta orkuverinu svo vatnsframleiðslan var takmörkuð. Óvíst var hvenær þessum breytingum yrði lokið og því eins víst að þá væri komið fram á haust þegar hitaveituvatnsþörfin yrði meiri. Vegna tilraunarinnar var mikilvægt að hafa mikið vatsrennsli í sem lengstan tíma án truflana. Hægt var að fá um helmingi meira kaldavatn en nokkurn tíma hitaveituvatn. Það sem mælti á móti því að nota kaldavatn, hinsvegar, var tæringarhættan og meiri hitamismunur.

Kaldavatnið var leitt í tveimur 6" pípum frá stofnæð við orkuverið að holu 12. Uppi á hljóðdeyfi holunnar var komið fyrir venjulegu rennsliskari með V-yfirfalli. Kaldavatnið steypist úr karinu niður í hljóðdeyfinn og síðan í holuna. Eitthvað af lofti sogaðist með um 2" loka í holunni. Um þennan loka lá slanga sem notuð var til vatnsborðsmælinga. Slangan var úr gúmmí og þurfti því að festa hana við sterkan vír svo það tagnaði ekki á henni. Við holutopp tengdist slangan við þrýstimæla og súrefnistank til þess að gera þrýstingsmælingar (vatnsborðsmælingar) með venjulegum hætti.

Mælingar á vatnsrennsli holu 12 eru sýndar í 1. töflu. Auk tíma-setningar sýnir taflan aflestur mælistiku, h , til þess að ákvarða $\Delta h = h - h_0$. Við ekkert rennsli var aflestur mælistikunnar $h_0 = 139,5$ (cm). Fyrir V-yfirfallið gildir sambandið:

$$Q = 14,44 \times 10^{-3} \Delta h^{2,48}$$

þar sem rennslið er (l/s) og vatnsborðið (cm). Allar mælingar hvers dags voru teknar saman til þess að fá nokkurskonar meðaltalsrennsli. Í 2. töflu eru þessi gildi sýnd ásamt fjölda mælinga, n, og staðalfráviki. Meðaltalsrennslin eru sýnd á 1. mynd. Fyrstu þrjá dagana var meðaltalsrennslið 63 (l/s). Ef mælingar dagana 27/9 og 8/10-10/10 eru undanskildar, þá var meðalrennslið 65 (l/s) á tilraunartímabilinu.




Mælingar á vatnsborði holu 12 eru sýndar í 3. töflu. Auk tíma-setningar sýnir taflan þrýstinginn sem mældur var til að ákvarða vatnsborðið út frá þekktri slöngulengd. Athugasemdir eru merktar í 3. töflu og útskýrðar neðanmáls. Í reynd eru þessar athugasemdir lýsing á aðgerðum við holu 12 á meðan niðurdælingartilraunin var í gangi.

Vatnsborð holu 12 er sýnt á 2. mynd fyrir allt tilraunartímabilið. Gildin eru tekin úr 3. töflu. Vatnsborðsmælingar voru ekki samfelldar og því gætir ósamræmis á nokkrum stöðum. Ástæðan er sú að slangan (með vír), sem notuð var við mælingarnar, bilaði nokkrum sinnum. Þegar gat kom á slönguna þurfti að taka hana upp til viðgerðar. Slangan var auk þess tekin upp einu sinni vegna hitamælingar í holunni. Nánari upplýsingar um slönguna er að finna í athugasemdum 3. töflu.


Einstakar syrpur vatnsborðsmælinga eru sýndar á 2. mynd. Syrpurarnar hafa ekki verið samræmdar og því verður að skoðað hverja fyrir sig. Gera má ráð fyrir því að samræmi sé á milli vatnsborðsmælinga hverrar syrpu. Á 2. mynd hafa verið merktar fjórar athyglisverðar syrpur:

- (A) Upphaf ádælingar, rennslibreyting u.p.b. 63 (l/s)
- (B) Þrepaprófun, rennslibreyting u.p.b. 8 (l/s)
- (C) Rennsli minnkað, rennslibreyting u.p.b. 59 (l/s)
- (D) Fulllokað, rennslibreyting u.p.b. 12 (l/s)

SVARTSENGI
VATNSBORÐ HOLU 12



Tímasetning og vatnsborð þessara syrpa eru sýnd í 4.-7. töflu ásamt mismunatíma og vatnsborðsbreytingu. Syrpur A, C og D eru teiknaðar á 3. mynd, sem hefur línulegan kvarða. Í syrpu A, við upphaf ádælingar, hækkar vatnsborðið fyrstu klst. um 135 m, en fer síðan lækandi. Í syrpu C, við 88% rennslisminnkun lækkar vatnsborðið strax um 25 m en nálgast 20 m fyrstu klst. Síðan heldur vatnsborðið áfram að lækka og nær 85 m eftir aðra klst. Í syrpu D, við fulllokun holu, lækkar vatnsborðið strax um 5 m en hækkar síðan vegna upphitunar holunnar. Syrpur A og C eru teiknaðar á 4. mynd sem hefur log-log kvarða. Myndirnar sýna að kólnun og upphitun við rennslisbreytingar hafa veruleg áhrif á vatnsborð holu 12. Hefðbundnar aðferðir gagna því ekki til að ákvarða vatnsleiðni holunnar. Athyglisvert er að við 63 l/s ádælingu þá tekur það kaldavatnið um hálf tíma að komast á 1200 m dýpi ef það tapast ekki ofar í holunni.



Vatnsborð holu 4 er að jafnaði skráð á sírita til að fylgjast með niðurdretti jarðhitasvæðisins. Um viku eftir að niðurdælingin hófst í holu 12, þá hækkaði vatnsborðið skyndilega í holu 4 og síritinn varð óstarfhæfur. Megna gaslykt bar upp úr holunni og heyra mátti vellandi


líkt og við suðu eða þegar stórar gasbólur koma úr vatni. Vatnsborð holu 4 var síðar mælt með floti og snúru og mældist á 60 m dýpi tveimur vikum eftir að gasið kom í holuna. Nokkrum dögum síðar var niðurdælingunni í holu 12 hætt (10. okt.) og eftir um þrjár vikur hafði vatnsborð holu 4 lækkað niður í 170 m. Vatnsborðsmælingar holu 4 eru sýndar í 8. og 9. töflu og á 5. mynd.


JHD-VT-2300-JSG
83.05.0649-GSJ

Mynd 4

SVARTSENGI

Vatnsborðsbreyting og mismunatími holu 12, syrpur A og C





5 EFNAMÆLINGAR

Sýni voru tekin reglulega af jarðsjó hvernar holu til að mæla hvort einhver blöndun við niðurdælingarvatnið hefði átt sér stað. Af þeim efnum sem eru reglulega greind í efnarannsóknastofu Orkustofnunar, var valið að mæla natríum. Athuganir hafa sýnt að mælingar á natríum með logatæki (atomic absorption spectrophotometer) gefa hvað besta nákvæmni af þeim efnum sem greind eru í jarðhitavatni. Að auki er tiltölulega auðvelt og fljótlegt að efnagreina með logatæki.

Jarðsjávarsýni voru tekin við skilju hvernar holu en þær voru við stöðugan þrýsting á rannsóknartímabilinu. Sýnin voru tekin af vatnsfasa jarðsjávar (eftir skiljun) um eirrör sem höfðu vafninga í rennandi kælivatni. Jarðsjórinn var látinn renna stöðugt til að auðvelda sýnatökuna. Sýni voru tekin á um 2 klst. fresti nær allt rannsóknartímabilið, sérstaklega fyrstu vikurnar. Heildarfjöldi sýna var 500-600 fyrir hverja holu.

Áður en fjallað er um niðurstöður natríummælinganna, er rétt að segja frá fyrirkomulagi borhola og gufuskilja. Holur 7, 8, 9 og 11 voru tengdar orkuveri II en holur 6 og 10 orkuveri I eins og 10. tafla sýnir. Jarðsjávarsýni úr þessum holum voru mekt A-F eins og fram kemur í töflunni. Allar holur nema 6 voru í stöðugri vinnslu á tímabilinu. Holu 6 var hleypt upp 14/9 kl 17:30 en 22/9 þurfti að loka fyrir hana í um 2 klst. vegna tenginga í orkuveri I. Fram að þeim tíma var hún í blæstri út í lón. Gufuþrýstingur við túrbínur er mældur reglulega af vélstjórum Hitaveitu Suðurnesja. Holur 7, 8, 9 og 11 unnu saman og skiluðu gufu inn á 6 MW túrbínuna, en holur 6 og 10 voru hins vegar tengdar inn á sitt hvora vélina (1 MW túrbínur). Gildin í 11. töflu sýna gufuþrýsting við inntak túrbína en ekki skiljuþrýsting. Holur 3, 4 og 5 voru ekki í vinnslu þegar niðurdælingartilraunin fór fram.

Áður en niðurdælingin hófst, voru tekin sýni daglega í eina viku af öllum holum í vinnslu. Natríum í jarðsjó holu 10 er sýnt í 12. töflu. Þess ber að gæta að taflan sýnir það sem mælt var í jarðsjávarsýninu. Mældur styrkur natríum á við jarðsjóinn frá gufuskilju en ekki djúpvatnið (jarðsjó). Frá 10/9 til 15/9 var tekið eitt sýni á dag. Þessi gildi eiga að sýna hvað mæliaðferðin hefur mikla samkvæmni. Frá og með 16/9 voru tekin sýni á um 2 klst fresti til nóvemberloka. Nokkuð mörg sýni voru greind fyrir tímabilið 16/9 til 26/9, en eftir það aðeins eitt sýni á dag.

Ástæðulaust þykir að birta allar efnagreiningar fyrir hverja efnistaka holu, nema þá helst holu 10. Í 13. töflu eru sýndar allar natríum-

greiningar jarðsjávar holu 10 frá 10/9 til 26/9. Taflan sýnir merki-númer sýnis, tímasetningu, sýnahópsnúmer og mælt natríum. Sýnahóparnir voru látnir skara til að athuga samkæmni mælinganna. Fyrir tímabilið 16/9 til 26/9 sýnir 12. tafla fjölda greindra sýna, n, fyrir hvern dag, meðalstyrk natríums, c, og staðalfrávik, n-1. Þessi meðhöndlun á mælingum er ekki endilega rækileg, en sýnir hins vegar hvar helstu breytingar urðu.

Á 6. mynd eru sýndar natríummælingar jarðsjávar holu 6, 9 og 10. Á 7. mynd eru natríummælingar holu 10 sýndar fyrir hluta rannsóknartímabilsins. Niðurdælingartilraunin hófst kl. 10:30 16. sept. 1982. Um kl. 17:25 eða eftir 55 mín. kom fram breyting í holu 10, natríum lækkaði úr 7500 ppm í 4500 ppm. Eftir 3 1/2 klst. hækkaði natríumstyrkurinn í fyrra gildi. Um kl. 12:00 daginn eftir (19 1/2 klst. frá upphafi niðurdælingar) lækkaði natríum svo aftur en hækkaði ekki fyrr en 10 klst. síðar. Þriðja lækkunin varð svo 22. sept. um kl 15 eða 142 1/2 klst. frá upphafi niðurdælingar. Þessi lækkun var skammvin. Að öðru leyti var ekki vart mikilla breytinga á natríum jarðsjávar holu 10.

Natríumstyrkur (einstök gildi og meðalstyrkur) holu 9 er sýndur í 14. töflu og 6. mynd. Mæligildin fyrstu dagana virðast breytast óreglulega og er því erfitt að draga ályktanir um áhrif niðurdælingarinnar. Ef eitthvað, þá virðist natríum holu 9 hækka lítillega þegar natríum holu 10 lækkar. Eins virðist sem natríum holu 9 og 10 (lækkunartímabil undanskilin) hækki með tíma. Hins vegar, vegna óvissu um samkvæmni natríumgreininganna fyrstu dagana, þykir óráðlegt að telja þessar breytingar marktækar. Þann 19. okt. (eftir 34 daga) urðu hins vegar marktækar breytingar á natríum holu 9. Styrkurinn lækkaði um 6000 ppm en var kominn í fyrra gildi að þremur dögum liðnum.

Fram hefur komið að holu 6 var hleypt upp 14. okt. og 22. okt. var lokað fyrir hana í um 2 klst. Eftir það var holan tengd skilju (orkuverinu). Þessar tilfæringar gera það að verkum að erfitt er að túlka natríummælingarnar í 15. töflu og á 6. mynd. Styrkurinn virðist aukast fyrstu dagana eftir upphleytingu en lækkar síðan lítillega þremur (3) dögum eftir að niðurdælingin hófst. Þessi lækkun virðist halda áfram eftir 22. okt. þegar holan var tengd orkuverinu. Natríumstyrkurinn lækkaði við tenginguna vegna minni suðu.

Á 6. mynd er merkt hvenær vatnsborð holu 4 byrjaði að hækka, en það var 7 dögum eftir að niðurdælingin hófst.


Natríummælingar hola 7, 8 og 11 eru sýndar í 16., 17. og 18. töflu og á

JHD-VT-2300-JSG
83.05.0648-GSJ

Mynd 6

SVARTSENGI

Natriumstyrkur hola 6,9 og 10




JHD-VT-2300-JSG
83.05.0650-GSJ

Mynd 7

SVARTSENGI

Natriumstyrkur holu 10




8. mynd. Engar stórar breytingar viðast hafa orðið á natríum þessara hola á rannsóknartímabilinu. Það vekur hins vegar athygli að allar holurnar virðast sýna lækun um líkt leyti og breytinga varð vart í holu 9. Þessi lækun í holum 7, 8 og 11 var ekki mikil og er því erfitt að draga ákveðnar niðurstöður. Um 24 dögum síðar hækkar natríumstyrkur holanna í fyrri gildi, eða nokkuð jafn mörgum dögum síðar og niðurdælingin var í gangi! Það er því hugsanlegt að lækunin hafi stafað af þynningu frá ferskvatninu sem dælt var í holu 12.

Tveimur vikum eftir að vatnsborðið hækkaði skyndilega í holu 4, var byrjað að taka gassýni úr holum 6, 8, 9, 10 og 11. Gassýnin voru tekin með gufunni frá skiljunum. Sýni voru ekki tekin úr holu 7 vegna þess að stút vantaði á gufuleiðsluna. Hlutfall gastegunda var mælt í gasgreini (gas chromatograph) efnafræðistofu Orkustofnna. Mæligildin fyrir holur 10, 9, 6, 8 og 11 eru sýnd í 19. til 23. töflu. Undir venjulegum kringumstæðum er kolsýra (CO_2) svo til eina gastegundin (um 98%) sem er til staðar í miklum mæli í jarðsjónum við Svartsengi. Ferskvatn, hins vegar, inniheldur helstu gastegundir andrúmsloftsins s.s. súrefni (O_2) og köfnunarefni (N_2). Við niðurdælingu ferskvatns í holu 12 blandast þessar gastegundir jarðsjónum og dreifast um jarðhita-kerfið. Mælingar á köfnunarefni eiga því að geta sýnt hvernig niðurdælingarvatnið dreifist um kerfið. Að vísu má vera að köfnunarefnið dreifist að hluta sem gasbólur og fylgi því ekki ferskvatninu fyllilega. Styrkur kolsýru (r. %) og köfnunarefnis í holum 6, 8, 9, 10 og 11 er sýndur á 9. mynd. Greinilegt er að holur 6 og 10 sýna mesta frávik frá venjulegum aðstæðum og má því ætla að þær séu í nánari sambandi við holu 12 en holur 8, 9 og 11. Þessar þrjár holur sýna reyndar mismikla svörun eða $8 > 11 > 9$. Holur 6 og 10 sýna lækun köfnunarefnis með tíma (9. mynd) en holur 8, 9 og 11 sýna fyrst hækkun og síðan lækun sem samsvarar að tímalengd til niðurdælingarinnar nokkurn veginn.

JHD-VT-2300-JSG
83.05.0651-GSJ

Mynd 8


SVARTSENGI
Natríumstyrkur hola 7,8 og 11



JHD-VT-2300-JSG
83.05.0652-GSJ

Mynd 9

SVARTSENGI
Styrkur (r %) kolsýru og köfnunarefnis í vinnsluholum



6 BORHOLUMÆLINGAR

Niðurstöður borholumælinga í holu 12 eru sýndar í viðauka A. Sýndar eru hitamælingar frá 10/4, 27/4 og 2/7 1982 eða viku, þremur vikum og fjórum mánuðum eftir borlok (myndir A1 og A2). Holan virðist hitna hvað örast á dýptarbilinu 1000-1200 m. Þrýstimælingar frá 10/4 og 1/7 1982 eru sýndar á mynd A4. Línurnar skerast á bilinu 1000-1100 m dýpi. Á mynd A4 er sýnd hitamæling tekin við borlok 30/3 1982. Við 21 l/s ádælingu lækkar hitastigið snögglega úr 30° C á 1200 m dýpi í 90° C á 1250 m dýpi. Við 50 l/s ádælingu er hitastigið á 1200 m dýpi um 15° C.

Ein hitamæling var tekin á meðan á niðurdælingunni stóð, sbr. mynd A5. Skv. 1. töflu var kaldavatnsrennslið 22/9 um 69 l/s. Mynd A5 sýnir að neðan 1200 m dýpis hækkar hitastigið snögglega frá 10° C og upp í 105 ° C á 1300 m dýpi. Af þessu má ráða að helsta æð holunnar er rétt neðan 1200 m dýpis.

7 NIÐURSTÖÐUR

Í þessari skýrslu eru birtar svo til allar mælingar sem gerðar voru í tengslum við niðurdælingartilraunina sumarið 1982. Verkið hefur aðallega falist í því að koma mælingunum á töflu- og myndaform til úrvinnslu. Um leið hefur átt sér stað nokkur túlkun mælinganna sem leitt hefur til tillagna um frekari aðgerðir sumarið 1983. Þessar tillögur eru birtar í viðauka D og fjalla um 6-12 mánaða niðurdælingarprófun sem felur í sér þrjár athuganir. Þetta eru útfellinga-, ferlunar- og vinnsluathugun.

Vegna tillagna um frekari prófanir þykir rétt að helstu niðurstöður niðurdælingartilraunarinnar 1982 komi fram hér. Hafa verður í huga að tilgangur skýrslunnar er fyrst og fremst sá að koma á framfæri mæli-niðurstöðum Orkustofnunar sumarið 1982. Eftirfarandi ályktanir virðist mega draga af þeim mælingum sem hér eru birtar:

1. Ferlunarsvörun kom fram í holu 10 um 55 mín. eftir að niðurdælingin hófst í holu 12. Svörunin hvarf síðan en kom aftur eftir 19 1/2 klst. og enn aftur eftir 142 1/2 klst. Vegna náins sambands hola 2, 3 og 10 þykir líklegt að þær muni allar verða fyrir áhrifum við langtíma niðurdælingu í holu 12.
2. Gas kom fram í holu 4 eftir um eina viku frá því að niðurdæling hófst í holu 12 og sýndi sig nokkuð jafn lengi og tilraunin var í gangi. Smá breytinga varð vart í holu 6 eftir 3 til 8 daga frá

upphafi niðurdælingar. Mælingar á gasi sýna að hola 6 gefur veikari svörun en hola 10 og sterkari svörun en holur 7, 8, 9, og 11. Vegna ólgu í holu 5 var ekki hægt að mæla vatnsborðið en talið er að holur 6, 5 og 6 séu í nánu sambandi.

3. Ferlunarsvörun (ferskvatnspúls) kom fram í holu 9 um 34 dögum eftir að niðurdæling hófst í holu 12. Þessi púls hvarf líkt og í holu 10 en kom ekki aftur. Eftir að natríumlækkunin kom fram í holu 9 virðist sem holur 7, 8 og 11 sýni smá lækkun í natríum í nokkuð jafn langan tíma og niðurdælingin var í gangi. Mælingar á gasi sýna jafnframt að holur 7, 8, 9 og 11 gefa mestu svörun á þessu tímabili.
4. Ef ofangreindar ályktanir eru réttar benda þær til þess að hola 12 geti verið of nálægt vinnsluholum svæðisins til að nýtast sem niðurdælingarhola til frambúðar. Við langtíma niðurdælingu í holu 12 verður því að búast við kólnun vinnsluholunnar með tíma. Hvað sú kólnun getur gerst fljótt og í hvaða mæli er ekki hægt að reikna að svo komnu máli. Eina ráðið til þess að fá slíkar upplýsingar er að gera langtíma prófanir eins og lagt er til í viðauka.

ÞAKKIR

Ég vil þakka félögum mínum Sverri Þórhallssyni og Albert Albertssyni fyrir þeirra hlut í skipulagningu og framkvæmd niðurdælingartilraunarinnar. Þá vil ég þakka öllum þeim starfsmönnum Hitaveitu Suðurnesja sem lögðu hönd á bagga með okkur Gunnlaugi Jónssyni (Málmtækni hf.) við uppsetningu og framkvæmd tilraunarinnar og fyrir ánægjulegt samstarf. Efnafræðingum Orkustofnunar, sérstaklega Kristjáni Jónssyni, vil ég þakka mikið og gott starf við efna- greiningarnar og Hrefnu Kristmannsdóttur fyrir að láta gera gas- greiningarnar.

1. tafla

Vatnsrennsli holu 12

dagur	t	h (cm)	Δh	Q	frh.					
						18:20	169,1	29,6	64,3	
						22:30	169,3	29,8	65,4	
					3/10	1:30	169,3	29,8	65,4	
						6:10	169,3	29,8	65,4	
						14:15	169,3	29,8	65,4	
						18:10	169,3	29,8	65,4	
						22:25	169,3	29,8	65,4	
16/9'82	16:50	168,8	29,3	62,7						
	17:15	168,8	29,3	62,7						
17/9	15:10	168,9	29,4	63,3	4/10	2:10	169,3	29,8	65,4	
18/9	14:30	168,7	29,2	62,2		6:15	169,3	29,8	65,4	
22/9	16:35	169,9	30,4	68,7		9:40	169,2	29,7	64,9	
23/9	19:30	169,7	30,2	67,6		13:00	169,2	29,7	64,9	
	20:55	168,8	29,3	62,7		16:50	169,7	30,2	67,6	
27/9	13:00	168,6	29,1	61,7		18:02	171,7	32,2	79,3	
	13:25	168,7	29,2	62,2		23:30	169,2	29,7	64,9	
	13:35	168,7	29,2	62,2	5/10	12:40	168,8	29,3	62,7	
	13:38	167,1	27,6	54,1		19:25	168,7	29,2	62,1	
	13:55	167,0	27,5	53,4		6/10	10:00	168,8	29,3	62,7
	14:08	167,1	27,6	54,1		16:20	169,5	30,0	66,5	
	14:17	167,1	27,6	54,1		7/10	9:50	169,1	29,6	64,3
	14:35	167,1	27,6	54,1		17:47	169,1	29,6	64,3	
	15:55	167,1	27,6	54,1		8/10	13:36	169,5	30,0	66,5
	16:05	167,0	27,5	53,4			13:41	152,3	12,8	8,0
	17:35	167,1	27,6	54,1			13:43	152,3	12,8	8,0
27/9	17:45	162,2	22,7	33,3			13:45	152,8	13,3	8,8
	17:50	162,2	22,7	33,3			13:48	154,0	14,5	11,0
	18:20	162,5	23,0	34,4			13:51	154,0	14,5	11,0
	21:30	168,8	29,3	62,7			13:58	154,0	14,5	11,0
28/9	13:00	168,8	29,3	62,7			14:02	154,0	14,5	11,0
29/9	3:00	168,8	29,3	62,7			15:32	154,0	14,5	11,0
	12:00	168,9	29,4	63,3			19:10	154,0	14,5	11,0
	19:00	169,3	29,8	65,4			19:30	154,0	14,5	11,0
30/9	0:00	170:0	30,5	69,3			22:12	153,9	14,4	10,8
	13:20	169,0	29,5	63,8			23:00	153,9	14,4	10,8
	16:27	169,0	29,5	63,8			23:55	153,9	14,4	10,8
	19:15	169,1	29,6	64,3		9/10	1:00	153,9	14,4	10,8
	23:45	169,1	29,6	64,3			10:20	153,9	14,4	10,8
1/10	4:00	169,1	29,6	64,3			21:00	153,9	14,4	10,8
	16:15	169,4	29,9	66,0		10/10	1:10	153,9	14,4	10,8
	21:10	169,3	29,8	65,4			4:15	153,9	14,4	10,8
2/10	6:14	169,3	29,8	65,4			7:10	154,4	14,9	11,7
	10:34	169,3	29,8	65,4			9:10	154,4	14,9	11,7
	14:05	169,3	29,8	65,4			11:10	154,4	14,9	11,7
							13,35	154,5	15,0	11,9

2. tafla

Vatnsrennsli holu 12; dagsmeðaltöl

dags	n	Q	σ
16/9 82	2	62,7	0
17/9	1	63,3	0
18/9	1	62,2	0
22/9	1	68,7	0
23/9	2	65,2	3,5
(27/9)*	15	52,1	10,2
28/9	1	62,7	0
29/9	3	63,8	1,4
30/9	5	65,1	2,4
1/10	3	65,2	0,9
2/10	5	65,2	0,5
3/10	5	65,4	0
4/10	7	67,5	5,3
5/10	2	62,4	0,4
6/10	2	64,6	2,7
7/10	2	64,3	0
(8/10)**	14	14,3	15,1
(9/10)**	3	10,8	0
(10/10)**	6	11,4	0,5

* Þrepaprófun

** Rennsli minnkað um 80%

3. tafla					27/9	13:37	3,25	3,3	252	j:
Vatnsborð holu 12					"	13:40	2,9	2,85	256	
dagur	tími	bar-g	dýpi	ath.	"	13:44	2,75	2,8	257	
					"	13:50	2,90	2,95	256	
					"	13:57	2,75	2,82	257	
					"	14:04	2,95	2,9	256	
					"	14:17	2,55	2,6	259	
16/9 '82	13:35	1,95	166	a:	"	14:35	3,15	3,0	254	
"	14:15	1,95	166		"	15:23	2,75	2,8	257	
16/9	16:15	1,75	168	b:	"	15:55	2,75	2,82	257	
"	16:30	1,75	168		27/9	16:03	2,6	2,64	259	k:
16/9	16:35	4,4	141	c:	"	16:08	2,6	2,64	259	
"	16:40	6,4	121		"	17:35	2,8	2,85	257	
"	16:50	8,2	103		27/9	17:45	2,0	2,05	265	l:
16/9	17:10	14,0	45	d:	"	17:50	2,1	1,95	265	
"	17:20	15,1	34		"	18:20	2,2	2,1	264	
16/9	17:30	14,6	39	e:	27/9	21:30	3,6	3,65	249	m:
"	17:45	12,0	65		28/9	1:00	3,6		249	
"	18:08	10,8	77		"	7:15	3,4		251	
"	18:30	10,0	85		"	13:00	3,2		253	
"	19:05	9,8	87							
"	19:30	9,6	89		28/9	19:12	9,9	10,0	186	n:
"	21:40	9,2	93		"	22:00	9,9	10,0	186	
17/9	1:00	8,6	99		29/9	3:00	9,6	9,7	189	
"	4:00	8,0	105		"	7:55	9,1	9,2	194	
"	9:20	7,2	113		"	12:00	9,0	9,0	195	
"	12:05	7,2	113		"	19:00	10,4	10,5	181	
"	15:10	6,9	116							
"	18:25	6,8	117		30/9	0:00	10,7	10,8	178	o:
17/9	18:25	6,4	121	f:	"	4:00	10,5	10,6	180	
18/9	3:10	5,7	128		"	8:10	10,4	10,5	181	
"	13:15	5,4	131		"	13:20	10,0	10,1	185	
"	14:25	5,3	132		"	16:27	10,0	10,1	185	
"	16:20	5,2	133		"	19:15	10,0	10,1	185	
"	20:15	5,1	134		"	23:45	10,0	10,1	185	
"	24:00	5,1	134		1/10	4:00	9,9	10,1	186	p:
19/9	4:10	5,1	134		"	8:00	9,8	10,0	187	
"	8:20	5,0	135		"	12:08	9,4	9,3	191	
"	12:05	4,9	136		"	16:15	9,7	9,8	188	
"	16:20	4,7	138		"	21:10	9,8	9,9	187	
"	20:20	4,5	140		2/10	1:11	9,9	10,0	186	
20/9	0:05	4,6	139		"	6:14	9,9	10,0	186	
"	4:15	4,3	142		"	10:34	9,9	10,0	186	
"	8:30	4,3	142		"	14:05	9,9	10,0	186	
"	13:12	4,1	144		"	18:20	9,8	10,0	187	
"	17:00	4,3	142		"	22:30	9,8	9,95	187	
"	21:15	4,2	143		3/10	1:30	9,8	9,95	187	
21/9	1:30	4,2	143		"	6:10	9,8	9,95	187	
"	6:15	4,2	143		"	10:13	9,8	9,95	187	
"	10:00	4,2	143		"	14:15	9,8	9,95	187	
"	14:15	4,2	143		"	18:10	9,8	9,95	187	
"	20:05	4,2	143		"	22:25	9,8	10,0	187	
"	24:00	4,2	143		4/10	2:10	9,8	10,0	187	
22/9	8:00	4,2	143		"	6:15	9,8	10,0	187	
"	14:10	4,7	138	g:	"	9:40	9,9	10,0	186	
24/9	16:15	10,5	180		"	13:00	9,9	10,0	186	q:
25/9	0:30	10,3	182		5/10	12:40	3,2	3,4	253	
"	4:30	10,2	183		"	19:25	2,8	3,0	257	
"	9:15	10,1	184		6/10	10:00	3,0	3,1	282	
"	14:20	3,5	250	h:	"	16:20	9,4	9,5	191	r:
"	18:20	3,2	253		7/10	9:50	9,7	9,8	188	
26/9	0:30	3,2	253		"	17:47	9,7	9,8	188	
"	5:30	3,4	251		8/10	13:26	9,8	10,0	186	s:
"	10:40	3,4	251		"	13:39	7,5	7,6	210	
"	16:20	3,5	250		"	13:41	7,4	7,6	210	
"	21:15	3,5	250		"	13:43	7,2	7,3	213	
27/9	2:00	3,5	250		"	13:45	7,3	7,35	212	
"	7:15	3,5	250		"	13:48	7,4	7,45	211	
"	11:15	3,7	248		"	13:51	7,5	7,55	210	
"	13:00	3,5	250		"	13:58	7,6	7,7	209	
"	13:25	3,5	250	i:	"	14:02	7,6	7,7	209	
"	13:35	3,5	250		"	14:09	7,7	7,85	207	
		3,5	250		"	14:23	7,7	7,85	207	
					"	14:30	7,7	7,85	207	
					"	15:32	6,9	7,0	216	

dagur	tími	bar-g	dýpi	ath.						
"	16:30	5,6	5,7	229		19/10	10:08	6,0	6,1	210
"	17:05	5,0	5,0	235		"	13:10	6,1	6,2	209
"	17:39	4,1	4,2	243		"	17:10	6,1	6,2	209
"	18:05	3,3	3,5	251						
"	18:33	2,3	2,4	262		20/10	8:55	6,2	6,2	208
"	19:10	1,2	1,4	272						
"	19:30	1,1	1,3	273		21/10	1:00	6,5	6,7	204
"	20:10	5,1	5,05	264	t:	"	6:50	6,5	6,7	204
"	20:39	5,0	5,0	265		"	10:30	6,5	6,75	203
"	21:05	5,0	5,1	265		"	13:40	6,5	6,7	204
"	22:12	5,0	5,1	265		"	16:25	6,5	6,7	204
"	23:00	5,0	5,1	265		"	23:00	6,5	6,8	204
"	23:55	5,0	5,1	265						
						22/10	6:00	6,5	6,8	204
9/10	1:00	5,0	5,1	265		"	10:25	6,6	6,8	203
"	3:15	5,0	5,1	265		"	15:30	6,7	6,8	203
"	5:00	5,0	5,1	265						
"	6:00	5,0	5,1	265		3/11	-	7,7	7,9	192
"	7:00	5,0	5,1	265						
"	7:57	5,0	5,1	265		4/11	-	7,7	7,9	192
"	10:20	4,9	5,0	266						
"	12:25	4,9	5,0	266		5/11	-	7,5	7,8	194
"	14:45	4,9	5,0	266						
"	16:30	4,9	5,0	266						
"	19:00	4,9	5,0	266						
"	21:00	4,9	5,0	266						
10/10	1:10	4,9	5,0	266						
"	4:15	4,9	5,0	266						
"	7:10	4,9	5,0	266						
"	9:10	4,9	5,0	266						
"	11:10	5,0	5,05	265						
"	13:35	4,9	5,1	265						
10/10	13:41	4,5	4,7	269	u:					
"	13:46	4,4	4,6	270						
"	14:14	4,5	4,65	268						
"	14:58	4,7	4,85	268						
"	15:35	5,1	5,2	264						
"	17:15	5,2	5,3	263						
"	19:05	5,4	5,5	261						
"	21:10	5,6	5,8	258						
"	23:10	5,8	6,0	256						
11/10	1:10	5,9	6,1	255						
"	3:05	6,1	6,3	253						
"	5:10	6,3	6,45	251						
"	6:55	6,4	6,6	250						
"	10:55	6,6	6,7	249						
"	13:10	6,7	6,7	248						
"	15:26	6,9	7,1	245						
"	17:45	7,0	7,05	245						
"	20:00	7,0	7,05	245						
12/10	0:50	7,1	7,1	244						
"	5:00	7,1	7,1	244						
"	10:25	7,5	7,5	240						
"	13:10	7,8	7,85	237						
"	16:10	7,8	7,85	237						
